## 2000 nr. 27 9. maí

## Lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna

**Tóku gildi 19. maí 2000.**

■ **1. gr.** Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

□ Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

■ **2. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDRI ÚTGÁFA